

# Reglugjörð

21  
20. apríl

## um viðauka til bráðabirgða við reglugjörð fyrir Brunabótafjélag Íslands frá 16. janúar 1917

Samkvæmt lögum nr. 54, 3. nóvember 1915, um stofnum Brunabótafjélags Íslands, er hjer með sett eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða.

Nú eru hús, sem virt hafa verið til brunabóta í fjelaginu fyrir 31. des. 1917, endurvirt eftir ósk vátrygða og virðingin hækkar frá því sem húsið var síðast virt, vegna þess að verð á efni og verkalaun hafa hækkað síðan eignin var trygð í fjelaginu (sbr. 64. gr. reglugerðarinnar), og getur þá framkvæmdarstjórn fjelagsins ákveðið að lækka skuli virðingar þessar, er hún telur greindar ástæður fyrir hækkun virðingarverðs breyttar, án þess að ný virðing fari fram. Slíkar lækkanir má fyrirskipa fyrir eitt hús, öll endurvirt hús í einhverjum kaupstað eða kauptúni á landinu eða öll endurvirt hús sem trygð eru í fjelaginu, þó svo að virðingarverð sje aldrei sett lægra en frumvirðingarverðið, nema sjerstök virðing fari fram í hverju tilfelli. Við slíkar lækkanir á virðingarverði, sem ákveða má oftár en einu sinni, lækkar iðgjaldið í rjettu hlutfalli frá næsta gjalddaga. Ákvæði þessi eru sett til bráðabirgða og gilda fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður fyrirskipað.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 20. apríl 1918.

**Sigurður Jónsson**

Oddur Hermannsson.

# Samþykkt

22  
20. apríl

## fyrir Hólahrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 73, 14. nóv. 1917 gjört eftirfarandi samþykkt fyrir Hólahrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.

1. gr.

Kornforðabúrið er stofnað á hreppaskilafundi 16. júní 1916. Myndaðist það þannig, að skólastjóri Sigurður Sigurðsson gaf til stofnunar þess 900 kg. korns og búendur hreppsins lofuðu að gefa til þess 5 kg. korns fyrir hvert jarðarhundrað í hreppnum; svarar það til 2700 kg. fyrir allan hreppinn.